

Frá: Guðjón Bragason [gudjon.bragason@samband.is]
Sent: 11. október 2016 12:09
Til: Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Afrit: Eiríkur Björn Björgvinsson
Efni: Akureyri: vanhæfi formanns bæjarráðs?

Sæll Guðmundur Baldvin,

Ég er ekki í aðstöðu til annars en að gefa mjög almennt álit á málinu:

2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga kveður á um að sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Í úrskurðaframkvæmd hjá ráðuneyti sveitarstjórnarmanna hefur í nokkrum tilvikum verið fjallað um vanhæfi vegna hagsmuna lögaðila. Þú ert í stjórnunarstöðu hjá lífeyrissjóðnum og því ekki hægt að útiloka að sú staða geti í einhverjum tilvikum leitt til vanhæfis þíns í bæjarstjórnarmálum, að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Í þessu tilviki er um að ræða sölu á eignarhlut bæjarins í félagi. Meint vanhæfi þitt tengist starfi þínu fyrir lífeyrissjóð sem á 15% hlut í umræddu félagi en er þó ekki aðili að þeim viðskiptum sem um ræðir. Eftir því sem þú hefur skýrt mér frá liggur ekkert fyrir um að sala bæjarins á þessum eignarhlut til þriðja aðila sé líkleg til þess að hafa áhrif á hagsmuni lífeyrissjóðsins. Að álitum undirritaðs getur þó verið ástæða til þess að skoða málið út frá því sjónarhorni hvort hagsmunir af sölnunni geti á einhvern hátt talist verulegir. Samkvæmt ársreikningi Stapa eru heildareignir lífeyrissjóðsins 179 milljarðar króna og bókfært virði 15% eignarhlutar hans í umræddu félagi 77 milljónir króna. Telst umræddur eignarhlutur einungis 0,043% af heildareignum lífeyrissjóðsins. Þegar af þeirri ástæðu verður að teljast afar langsótt að þú sjálfur eða þinn vinnuveitandi hafi "átt svo sérstakra hagsmuna að gæta að almennt megji ætla að viljaafstaða þín hafi mótast að einhverju leyti þar af."

Til þess að hægt sé að tala um einhvern möguleika á vanhæfi þínu í þessu tilviki yrði væntanlega að vera hægt að leiða líkur að því að breyting á eignarhaldi á þeim hlut í félaginu sem var seldur skipti einhverju máli fyrir hagsmuni lífeyrissjóðsins. Slík staða gæti eflaust í einhverjum tilvikum verið til staðar, t.d. þegar tekist er á um yfirráð yfir félögum, en ég hef engar upplýsingar um að slík staða sé fyrir hendi í því félagi sem hér um ræðir og fyrirfram virðist eðlilegra að álíta að ekki sé um slíka hagsmuni að ræða í þessu tiltekna máli.

Ég bendi að lokum á að ef einhverjir bæjarfulltrúar eða íbúar telja þig hafa verið vanhæfan til að fjalla um málið ættu þeir að senda kvörtun til innanríkisráðuneytisins, sem er eftirlitsaðili með sveitarfélögum skv. sveitarstjórnarlögum.

Ég vona að þetta svar komi að gagni og þér er heimilt að framvísa því í þínum störfum eftir því sem þú telur þörf vera á, en niðurstaða mín eftir mjög fljótlega skoðun á málinu er sú að hverfandi líkur séu á að vanhæfisástæður hafi verið til staðar í þessu tiltekna máli, og í raun nánast hægt að útiloka það þrátt fyrir að ég hafi aðeins náð að kynna mér grunnupplýsingar í málinu.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason